

## Samráðsfundur á Hvolsvelli

**Dags:** 20. nóv. 2008

**Aðili:** Þjórarsveitir (Ásahreppur, Flóahreppur, Rangárþing ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppur).

**Þátttakendur:** 14 sveitarstjórnarmenn frá sveitarfélögunum fjórum.

Kontakt: Framkvæmdanefnd Þjórarsveita, s. 481-1100, thjorsarsveitir@thjorsarsveitir.is

**Frá verkefnisstjórn:** Svanfríður og Tómas

1. Sveitarfélögin fjögur hafa myndað samstarfsvettvang um orkunýtingu á svæðinu.
2. Gestir afhentu og kynntu kynningarbækling vettvangsins (<http://www.thjorsarsveitir.is/Upplýsingar.htm>).
3. „Virkjanir er fórnir og hvaða ávinning höfum við?“ Viljum takmarka fórnir (t.d. gagnvart LV) og vildu hámarka ávinning. Verðum að taka tillit til atvinnumála, byggðajónarmiða, og samfélagslegra þátta. Fórnirnar eiga að skila á ávinningi á Suðurlandi.“ Fram koma að ekkert hefur enn verið ákveðið og eitt mikilvægt atriði væri að það verður aldrei höfn í hreppunum fjórum. Fram kom að hópurinn lítur svo á að vel gæti komið til greina að einhver önnur atvinnustarfsemi en orkufrekur iðnaður kæmi á svæðið og þá væru þeir til í að skipta, t.d. einhver ríkisstarfsemi, t.d. menntun. „Þessi nálgun mun örugglega auka stuðning við virkjanaframkvæmdir.“
4. „Suðurland hefur framleitt orku fyrir aðra alla tíð en íbúarnir hafa ekki notið þess. Þetta þarf að breytast. Af þeim sökum eru Stífari kröfur um atvinnuuppbyggingu í heimahéraði. Eigum loksins að njóta þessa.“
5. Fram kom að litið væri meira til þess til hvers orkan væri notið. „Ekki bara álver – líka öðru vísi iðnað eða starfsemi sem þarf orku.“
6. Tóku fram að búið væri að samþykka að Vonarskarð verði hluti af Vatnajökulspjóðgarði